



Innkaupa- og framkvæmdaráð
Borgartúni 12/14
105 Reykjavík

Efni: Endurskoðun á innkaupareglum Reykjavíkurborgar

Hjálagt eru uppfærðar innkaupareglur Reykjavíkurborgar með vísan í 7. dagskrárlið, 2. fundar ráðsins þann 4 júní 2020, þar sem Innkaupa- og framkvæmdaráð fól innkaupaskrifstofu og embætti borgarlögmanns að hefja vinnu við endurskoðun innkaupareglanna.


Uppfærslan á reglunum er í samræmi við þær breytingar sem gerðar hafa verið á samþykktum fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar annarsvegar og lög um breytingar á lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup nr. 37/2019 hins vegar.

Að meginstefnu er um að ræða breytingar á orðalagi þar sem innkaupa- og framkvæmdaráð kemur í stað innkauparáðs og innkaupaskrifstofa í stað innkaupadeildar. Þá eru verkefni og heimildir innkaupa- og framkvæmdaráðs samkvæmt samþykktum ráðsins færðar í innkaupareglurnar. Jafnframt eru ákvæði innkaupareglna um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu breytt til samræmis við lög 37/2019 sem breyttu lögum um opinber innkaup sem og ákvæði um bein samningskaup og höfnun tilboða.

Lagt er til að innkaupa- og framkvæmdaráð samþykki hjálagðar breytingar á innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,


Margeir Lilja Gunnarsdóttir
Innkaupaskrifstofa


Jón Pétur Skúlason
Skrifstofa borgarlögmanns

Hjálagt:

Tillaga að nýjum innkaupareglum

Vinnuskjal:

Tillaga að nýjum innkaupareglum – með breytingum.